

Nr 20/1883

Hið opinbera
gegn

Skipstjóra Eliasi Munck.

Dómur:

Með dómi, sem kveðinn var upp á lögregluþingi Suðurmúlasýslu 26. dag septembermánaðar 1882, var hinn kærði, Elías Munck, dæmdur til að lúka 80 kr. sekt til landssjóðs, eða, ef sektin ekki er greidd í ákveðinn tíma, til einfalds fangelsis í 24 daga; svo var hann og dæmdur til að lúka öllum af málinu löglega leiðandi kostnaði.

Þessum dómi er eptir ósk hins kærða og að tilhlutun hins opinbera skotið til yfirdómsins. Það er með eigin játningu hins kærða sannað, að hann 27. ágústmán. 1882 sigldi skipi sínu „Larck“ heim til Þórshafnar á Færeyjum frá Norðfirði í Suðurmúlasýslu, og var það fermt fiski, er að mestu leyti var aflaður í landhelgi hjer. Ætlaði hann einungis snöggva ferð heim, og koma svo aptur, og því tók hann ekki skipaskjöl sín, er hann átti geymd hjá sýslumanni, í það skipti, en fjekk hreppstjóranum í Norðfirði vottorð sitt uppá æru og samvizku um upphæð aflans, og greiddi jafnframt af hendi til hans útflutningsgjaldið af honum, er sýslumaður telur rjett reiknað eptir skýrslunni. —Hinn kærði kom aptur í septembermánuði s. á. eins og hann hafði ætlað sjer; höfðaði sýslumaðurinn þá opinbert mál gegn honum til sekta fyrir það, að hann ekki hafði hirt skipaskjöl sín áður hann fór í ágústmán-
uði, og hefði honum (sýslumanni) því verið fyrirmanað

að rannsaka, hvort skýrsla hins kærða um hinn útflutta afla væri sönn, sbr. lög 4. nóvbr. 1881, 4. gr.

En með því ekkert er fram komið, er bendir til, að sýslumaður hafi haft nokkra ástæðu til að vefengja afla- eða farmskýrslu hins kærða, er þó eptir lögnum skal meðal annars leggja til grundvallar fyrir útreikningi útflutningsgjaldsins, og til fyrir þá sök að rannsaka farminn, og það þannig ekki verður álitid, að hinn kærði í neinu hafi brotið eða ætlað að brjóta gegn fyrirmælum ný nefndra laga, þótt hann, eptir að hafa fengið opinberum sýslunarmanni — sem, ef til vill, um það þegir prófið, hefur haft umboð til að rannsaka skipaskjöl á Norðfirði — skýrslu sína og greitt honum útflutningsgjaldið samkvæmt henni, ljæti skjöl sín verða eptir hjá sýslumanni meðan hann skrapp til Færeya, þá virðist ekki næg ástæða til að sekta hinn kærða, og ber því að dæma hann sýknan af kærum hins opinbera í þessu máli, og virðist málskostnaður eptir atvikum eiga að greiðast af almannafje, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sóknara og svaramanns við yfirdóminn, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeradi hefur verið vítalaus, og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði, skipstjóri Elías Munck, á að vera sýkn af kærum hins opinbera í þessu máli. Málskostnaður, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Þorsteins

Jónssonar, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafje.

Mánudaginn 23. júlímán.

Nr. 12/1883.

Landshöfðinginn fyrir
hönd landssjóðsins
gegn
Þorgrími hjeraðslækni
Johnsen.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjeraði af hinum stefnda, Þorgrími lækni Johnsen, gegn áfrýjandanum, landshöfðingjanum yfir Íslandi fyrir hönd landssjóðsins, út af því, að hinn stefndi telur sjer vangoldið í embættislaun sín úr landssjóði sem hjeraðslækni í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum fyrir tímabilið frá 1. september 1878 til 30. september 1882, samtals 1190 krónur, og eru málavextir þannig:

Hinn 20. febrúar 1874 auglýsti dómsmálastjórnin, að embættið sem hjeraðslæknir í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum væri laust, og að laun þessa embættis væru 600 rd. á ári, er hækkuðu um 100 rd. fyrir hverra þriggja ára þjónustu þangað til að þau væru orðin 1000 rd., og launauppbót eptir lögum 26. marz 1870, sem og notkun embættisjarðar. Með þessum launakjörum var embætti þetta með konungsúrskurði 14. apríl 1874 veitt hinum stefnda, sem þá var hjeraðslæknir í eystra læknishjeraði suðuramtsins, og með því að embættisaldur hans var talinn frá því að hann fyrst var skipaður hjeraðslæknir 5. ágúst 1869, sem staðfest er með fjár-